



Birting og kynning á nýju námsmatskerfi við lok grunnskóla

- **2011:** Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla var gefinn út. Hann kveður á um bókstafseinkunnir og nýtt matskerfi.
- **2011:** Innleiðingarferli hófst með kynningum um allt land á almennum hluta aðalnámskrár. Frá miðju ári 2011 til maí 2012 voru haldnir á milli 30 og 40 kynningarfundir m.a. á haustþingum kennara um aðalnámskrá grunnskóla. Í nokkrum tilvikum var um sameiginlega kynningu að ræða fyrir leik- og grunnskóla.
- **31. ágúst 2012: Málþing fyrir kennara og skólafólk á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi:** Lærum hvert af öðru – virkjum grunnþættina, haldið í Flensborg en málstofur um allt land <http://vinnuvefur.namskra.is/malthing/mal%c3%being-2012/>
- **Mars 2013:** Greinasvið aðalnámskrár grunnskóla gefin út í mars. Þar er birtur einkunnakvarði og matsviðmið. Breytingin á námsmatinu er sú að bak við hvern bókstaf er lýsing á hæfni nemenda á hverju greinasviði, í stað þess að tölustafirnir gátu vísað í mismunandi námsefni milli skóla. Markmiðið er þannig að samræma betur einkunnagjöf milli skóla og bæta þannig upplýsingagildið.
- **Haust 2013: Kynning á greinasviðum** á haustþingum kennara
- **Vor og haust 2013: Landshlutanámskeið: Leiðtogi í heimabyggð** samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélags Íslands og Félags stjórnenda leikskóla vegna innleiðingar á nýrri aðalnámskrá. Um vorið voru haldnar 8 vinnustofur um breytingastjórnun í tengslum við ný ákvæði aðalnámskrár um land allt og um haustið voru haldnar vinnustofur um námsmat.
<http://www.samband.is/verkefni/skolamal/frettir---skolamal/nr/1721>
- **2013: Heimili og skóli landssamtök foreldra** héldu kynningarfundir víðs vegar um landið þar sem námskráin og helstu breytingar sem snúa að foreldrum voru kynntar.
<http://www.heimiliogskoli.is/fyrir-foreldra/adalnamskra/>
- **17. apríl.2013:** Ráðuneytið birtir innleiðingaráætlun um breytingar í skólastarfi skv. nýjum námskrám.
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7592?CacheRefresh=1>

- **30. ágúst 2013: Málþing fyrir kennara og skólafólk á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi:** Hæfnimiðað námsmat – lærum hvert af öðru. Haldið bæði í Flensborgarskóla og á Akureyri. Skólafólk víða um landið fylgdist með inngangsfyrirlestur og voru með málstofur í heimabyggð í kjölfarið. Áður hafði ráðherra sent út hvatningarbréf til kennara, skólastjórnenda og annarra áhugasamra um skólamál til að sækja málþingið sem var öllum opið.
<http://vinnuvefur.namskra.is/malthing/mal%c3%being-2013/>
- **10. september 2014** er hagsmunaaðilum sent bréf þar sem kynntar eru mögulegar breytingar á námsmati í grunnskóla og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir. Breytingarnar varða:
 - að gefa ekki einkunn í lykilhæfni við lok grunnskóla þ.e. að upplýsingar um námsmat í lykilhæfni komi ekki fram á rafrænu skírteini,
 - að breikka námsmatskvarðann, bæta við B+ og C+ og
 - að setja stig á bak við námsmatskvarðann, A, B+, B, C+, C og D.

Eftirtaldir aðilar fengu bréfið: Félag grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands, Samtök sjálfstæðra skóla, Heimili og skóli, Skólameistarafélag Íslands, Félag íslenskra framhaldsskóla. Vegna athugasemda frá Skólastjórafélagi Íslands var bréfið sent aftur út til allra skólastjóra grunnskóla og fræðsluskrifstofa og gefinn kostur á að koma athugasemdum til ráðuneytisins til **27. október 2014**.

Alls bárust 15 umsagnir en fæstar þeirra tóku afstöðu til allra breytinganna þriggja sem kynntar voru. Hver breytingatillaga fékk bæði jákvæðar og neikvæðar umsagnir. Umsagnir bárust frá Skólastjórafélagi Íslands, KÍ, grunnskóla Hornafjarðar, Giljaskóla, Langholtsskóla, Hildi Jórinni Agnarsdóttur, Glerárskóla, Oddeyrarskóla, Norðurþingi, Háskólanum á Akureyri, Reykjavíkurborg, Álftanesskóla, Akurskóla, Háaleitisskóla og fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar.

- **24. nóvember 2014** sendi mennta- og menningarmálaráðuneyti bréf til allra hagsmunaaðila. Þá hafði ráðuneytið farið yfir umsagnir og tekið ákvarðanir um breytingar á einkunnagjöf en jafnframt hnykkt á um að bókstafakvarðinn yrði nýttur. Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru var að ákveðið var að setja stig á bak við einkunnir. Markmiðið er að þannig verði auðveldara að vinna með tölfræðiupplýsingar sem geta nýst við mat og upplýsingaöflun um skólakerfið. Jafnframt geta framhaldsskólar nýtt þær við innritun.
- **Desember 2015: 30 m. kr. styrk** var úthlutað í lok árs 2014, til sveitarfélaga á grundvelli nemendafjölda hvers skóla. Honum var ætlað að styrkja sveitarfélög til að taka upplýsingakerfi sem styddi við innleiðingu námskrárinnar og nýtt námsmat.
- **2015: Forritun á rafrænu skírteini** sem tengir saman einkunnir og matsviðmið. Skírteinið samræmir framsetningu einkunna úr skólum landsins og verður fyrst notað vorið 2016 þegar allir grunnskólar taka upp nýtt einkunnakerfi. Menntamálastofnun heldur utan um vinnuna.
- **2015:** Aðalnámskrár grunnskóla hafa ekki kveðið á um að grunnskólar noti ákveðið einkunnakerfi. Til að auðvelda upptöku bókstafskerfis í yngri bekkjum grunnskóla hefur Menntamálastofnun verið falið að útbúa **matsviðmið fyrir öll greinasvið í 4. og 7. bekk** og birta á vef sínum. Sú vinna er í fullum gangi. Matsviðmiðin eru unnin með

grunnskólakennurum.

- **2015: Kynningarvefur um námsmat** <http://vefir.nams.is/namsmat/>
- Unnið með grunnskólakennurum að gerð matsviðmiða.
- **September 2015:** Auglýsingar um **breytingar á aðalnámskrá** grunnskóla eru sendar í Stjórnartíðindi og samskonar breytingar í aðalnámskrá framhaldsskóla.